



Borgarráð

Einarsnes 130 - Nýi Skerjafjörður - hagkvæmt húsnæði - úthlutun lóðar og sala byggingarréttar – endanleg afgreiðsla borgarstjórnar

Á fundi borgarráðs dags. 5. maí 2022, var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 2. maí 2022 þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta 4.965 fm. lóð og byggingarrétti fyrir allt að 140 íbúðir við Einarsnes 130. Erindið var samþykkt og fór til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Að loknum borgarstjórnarkosningum, tók sitjandi borgarstjórn málið fyrir á fundi sínum 21. júní 2022 og frestaði því. Málið er nú tilbúið til endanlegrar afgreiðslu samhliða deiliskipulagi nýja Skerjafjarðar.

Upplýsist borgarráð hér með um það að lóðaúthlutun vegna Einarsness 130 sem var afgreidd í borgarráði, verður tekin á dagskrá borgarstjórnar 2. maí nk. til endanlegrar afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Laxdal

Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Borgarráð

Einarsnes 130 - Nýi Skerjafjörður - hagkvæmt húsnæði - úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Hoos 1 ehf. kt. 520515-0460, Lágmúla 5 108 Reykjavík, um 4965m² lóð og byggingarrétti fyrir allt að 140 íbúðir við Einarsnes 130, landeignanr. L233073 Hámarks byggingarmagn er samtals 10.540 m² ofanjarðar auk 852 m² neðanjarðar eða samtals 11.392 m².

Gatnagerðargjald, miðað við 10.540 m² fjölbýlishús auk 852 m² neðanjarðar er 151.138.189 kr. Fyrirvari er um endanlega upphæð gatnagerðargjalds sem getur tekið breytingum þegar aðaluppdrættir verða samþykktir hjá byggingafulltrúanum í Reykjavík.

Greitt er fyrir byggingarréttinn 45.000 kr. pr. m². Alls greiðast 474.300.000 kr. fyrir byggingarréttinn miðað við 10.540 m² byggingarmagn ofanjarðar.

Heildargreiðsla fyrir byggingarrétt lóðarinnar, að meðtöldum gatnagerðargjöldum er kr. 625.438.189.

Úthlutun þessi byggir á lóðarvilyrði sem borgarráð staðfesti þann 11. apríl 2019.

Hefji lóðarhafi ekki framkvæmdir innan tveggja ára frá því að aðila er tilkynnt um að lóðin sé byggingarhæf fellur lóðarúthlutun þessi niður án sérstakrar tilkynningar borgarráðs um afturköllun lóðarúthlutunarinnar.

Gjalddagi gatnagerðargjalda er 45 dögum frá því að aðila er tilkynnt um að lóðin sé byggingarhæf.

Gjalddagar byggingarréttar eru eftirfarandi:

Gjalddagar byggingarréttar eru eftirfarandi:

1. Innan 45 daga frá því að lóðinni er úthlutað með ákvörðun borgarráðs greiðast 47.430.000 kr.
2. Innan 45 daga frá því að lóðarhöfum hefur verið tilkynnt um að lóð sé byggingarhæf greiðast 426.870.000 kr.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum frá júní 2013. Lóðarhafa er óheimilt að framselja rétt sinn nema með heimild borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út.

Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst. Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni



skulu byggingarleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söliverðs byggingarréttar.

Tengigjöld fráveitu og önnur heimlagngjöld eru innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi, án sérstakrar samþykktar borgarráðs og án sérstakrar tilkynningar þar um, sbr. grein númer 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, útgefnum í júní 2013.

Uppbyggingaraðili mun byggja á lóðinni hagkvæmar íbúðir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Hámarks söliverð íbúðanna skal vera eftirfarandi:

- Íbúðir sem eru að stærð frá 30 m² til 40 m² eru að verðbilinu frá 27 m. kr til 32 m. kr.
- Íbúðir sem eru að stærð frá 40 m² til 50 m² eru að verðbilinu frá 32 m. kr til 36,5 m. kr.
- Íbúðir sem eru að stærð frá 50 m² til 60 m² eru að verðbilinu frá 36,5 m. kr til 41 m. kr.
- Íbúðir sem eru að stærð frá 60 m² til 70 m² eru að verðbilinu frá 41 m. kr til 46 m. kr.
- Íbúðir sem eru að stærð frá 70 m² til 80 m² eru að verðbilinu frá 46 m. kr til 49,5 m. kr.
- Íbúðir sem eru að stærð frá 80 m² til 90 m² eru að verðbilinu frá 49,5 m. kr til 54 m. kr.
- Íbúðir sem eru að stærð frá 90 m² til 100 m² eru að verðbilinu frá 54 m. kr til 58,5 m. kr.
- Íbúðir sem eru að stærð frá 100 m² til 110 m² eru að verðbilinu frá 58,5 m. kr til 63,5 m. kr.
- Íbúðir sem eru að stærð frá 110 m² til 120 m² eru að verðbilinu frá 63,5 m. kr til 68,5 m. kr.

Söliverðið við fyrstu sölu íbúðar miðast við byggingarvísitölu desember mánaðar 2020, 149,2 m.v. grunn byggingarvísitölu 2009. Söliverðið skal breytast í samræmi við þróun vísitölu þessarar frá úthlutunardegi þar til íbúðin er seld í fyrsta sinn. Söliverð íbúða skulu þó aldrei vera hærrí en þau hámarksverð hagkvæmra íbúða á höfuðborgarsvæðinu sem fram koma í gildandi reglugerð um hlutdeildarlán á hverjum tíma, nú nr. 1084/2020. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. reglugerðar um hlutdeildarlán skal ráðherra endurskoða hámarksverð skv. 2. mgr. ár hvert.

Utan þessa skilyrðis falla íbúðir sem seldar verða til Félagsbústaða sbr. 6. tl. hér að neðan.

Eftirfarandi kvöðum verði þinglýst á lóðirnar með sérstöku kvaðaskjali:

1. Forgang að kaupum á íbúðum hafa einstaklingar á aldrinum 18-40 ára. Ef tveir eða fleiri einstaklingur sækjast eftir sömu íbúð, þá ganga þeir fyrir sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð en að öðru leyti ræður hlutkesti.
2. Hafi ekki borist tilboð í íbúð frá einstaklingi í framangreindum forgangshóps innan tólf vikna frá auglýsingu í fjölmiðlum (þ.m.t. vefmiðlar) er heimilt að selja hana á almennum markaði.
3. Greinar 1. og 2. gilda einnig um endursölu íbúða.
4. Við endursölu skal þess gætt að söliverð á hvern birtan fermetra íbúðar haldist í sömu hlutföllum milli upphaflegs kaupverðs og almenns söliverðs fjölbýlishúsa í sama hverfi og viðkomandi íbúð er staðsett, eins og það mælist í „söliverði íbúðarhúsnæðis eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu eftir ársfjórðungum“ hjá Þjóðskrá. Þannig að ef íbúðaverð í hverfinu



hækkar um 1% á ári í kjölfar kaupa þá er heimilt að selja íbúð á 1% hærra verði en hún var keypt á.

5. Óheimilt er að þinglýsa aðilaskiptum á lóð og eða íbúðareiningum fram að því tímamarki þegar greiðsla byggingarréttar hefur borist Reykjavíkurborg, nema að fengnu leyfi borgarinnar. Reykjavíkurborg skal staðfesta frávík eða undanþágu frá kvöðum ef um slíkt er að ræða og er þinglýsing aðilaskipta óheimil nema slíkt samþykki liggja fyrir.

6. Við fyrstu sölu skulu Félagsbústaðir hf. eiga kauprétt á 5% íbúða á lóðinni. Kaupverð hvers birts fermetra í íbúð og geymslu er umsaminn 444.369 kr. (virðisaukaskattur innifalinn). Framangreint kaupverð á fermetra er miðað við byggingarvísitölu marsmánaðar 2019 og skal breytast í samræmi við þróun vísitölu þessarar til greiðsludags.

7. Hafi lóðarhafi ekki hafið framkvæmdir innan tveggja ára frá því að aðila er tilkynnt um að lóð sé byggingarhæf áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að afturkalla úthlutunina nema lóðarhafi geti sýnt fram á málefnalegar ástæður fyrir töfum.

8. Lágmarksskil byggingar skulu vera byggingarstig tilbúin til innréttingar skv. staðli ÍST 51, að frátöldum uppsettum léttum veggjum, með fullfrágenginni lóð og sameign.

Kvöðunum verður ekki aflýst nema með samþykki Reykjavíkurborgar sem annast gerð og þinglýsingu kvaðaskjals á lóðina þegar hún hefur verið skráð og stofnuð í Þjóðskrá og í þinglýsingarkerfum sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðarinnar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mælibleði. Lóðin er ekki byggingarhæf. Lóðarhafa verður tilkynnt um það þegar lóðin verður byggingarhæf.

Lóðarleigusamningur verður gerður þegar lóðin hefur verið greidd og geymir hann nánar stærð lóðar og kvaðir á henni.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðina áður tilvitnaðar almennar reglur um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík, útgefnar í maí 2014 og almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, útgefnir í júní 2013 og deiliskipulagsskilmálar fyrir Nýja Skerjafjörð sem tók gildi 9. júlí 2021 með auglýsingu í B-deild stjórnartíðanda. Almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á vefslóðinni: reykjavik.is/lodir.

Ívar Örn Ívarsson

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

BORGARRÁÐ

Ár 2022, fimmtudaginn 5. maí, var haldinn 5664. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:12. Viðstödd voru auk borgarstjóra, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Alexandra Briem, Líf Magneudóttir, Eyþór Laxdal Arnalds og Jórunn Pála Jónasdóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Ásta Þórdís Skjalddal, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Hildur Björnsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ebba Schram og Ívar Vincent Smáráson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 5. maí 2022:

Lagt er til að borgarráð samþykki tilboð að nafnvirði 1.910 m.kr., á ávöxtunarkröfunni 0,95%, í verðtryggðan skuldabréfaflokk borgarsjóðs RVK 32 1, sem eru 1.821 m.kr. að markaðsvirði en hafna öllum tilboðum í grænan verðtryggðan skuldabréfaflokk borgarsjóðs RVKG 48 1. Ofangreind tillaga var tekin fyrir og samþykkt á fundi fjárfestingarhóps þann 4. maí 2022

Trúnaðarmerkt greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir, Helga Benediktsdóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22010057

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er rosalegt að borgin skuli vera rekin á lánum þegar ytri aðstæður eru að versna hratt vegna heimsástandsins. Á árabílinu 2022-2026 er áætlað að taka 92 milljarða að láni. Verðbólga vex hratt og hefur það gríðarleg áhrif á vaxtagreiðslur af verðtryggðum lánum Reykjavíkur til framtíðar. Nú stefnir í enn frekara óefni í rekstri borgarinnar og ljóst að áætlanir um að skuldir borgarsjóðs verði 240 milljarðar í árslok 2026 eru brostnar. Þær verða langtum, langtum hærrí. Enda er nú boðað að fara eigi í endurskoðun á fjárfestingaáætlun Reykjavíkur. Ekki var hægt að svara á fundinum hvað skuldir borgarinnar hefðu hækkað mikið frá því fjárfestingaráætlun 2022-2026 var samþykkt vegna hækkunar vaxta undanfarna mánuði en það boðað að væri verið að tína til upplýsingar um það.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Enn aukast skuldir borgarinnar, en með þessu skuldabréfaútbóði hækka langtímaskuldir borgarsjóðs um tvo milljarða, en á síðasta ári hækkuðu skuldir borgarinnar um tvo milljarða á mánuði. Aukin verðbólga kallar á að borgin endurskoði áætlanir sínar enda er fyrirséð að fjárfestingaráætlun borgarinnar er í uppnámi vegna hærri aðfangaverðs. „Græna planið“ gerir ráð fyrir tugmilljarða fjárfestingum en ætla má að forsendur plansins séu nú í uppnámi vegna aukinnar verðbólgu.

2. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Bjargs íbúðafélags um samning um stofnframlög til þriggja ára. Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er Bjarg að skila stofnframlagi í Skerjafirði vegna tafa, enda hefur verkefnið steytt á mörgum skerjum. Rétt er að benda á að uppbygging í „Nýja Skerjafirði“ er í algeru uppnámi. Isavia og innviðaráðherra telja að nýtt íbúðahverfi í Skerjafirði skerði rekstraröryggi flugvallarins eins og það er skipulagt. Hér er því um stórt mál að ræða bæði hvað varðar rekstur flugvallarins og íbúðaupbyggingu sem þarfnast viðbragða af hálfu Reykjavíkurborgar. Það þarf því að gera fyrirvara um öll frekari vilyrði og endanlegar úthlutanir í „Nýja Skerjafirði“ á meðan þessi skipulagsmál eru í óvissu og uppnámi.

3. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Bjargs íbúðafélags hses. um stofnframlag vegna nýbyggingaverkefni við Brekknaáss.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

4. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Bjargs íbúðafélags hses. um stofnframlag vegna nýbyggingaverkefnis við Haukahlíð.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

5. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Félagsbústaða hf. um stofnframlag.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

6. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Félagsbústaða hf. um stofnframlag.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

7. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Félagsbústaða hf. um stofnframlag.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

8. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingu stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins, um stofnframlag.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

9. Lagt fram bréf Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, dags. 5. apríl 2022, sbr. samþykkt stjórnar lífeyrissjóðsins frá 4. apríl 2022 á tillögu að breytingu á endurgreiðsluhlutfalli laungreiðenda á greiddum lífeyri í Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022, ásamt fylgiskjöllum. Einnig lögð fram umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 26. apríl 2022.
Vísað til borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
FAS22040049

10. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á auglýsingu á tillögu um nýtt deiliskipulag fyrir stúdentagarða að Eggertsgötu, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Ólöf Örvardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS22050015

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Bent er á að hlutfall bílastæða er 0,7 á hverja íbúð sem er í lægri kantinum þegar horft er til þess að borgin stefnir að því að fækka bílastæðum um 600 á ári í borgarlandinu.

11. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á trúnaðarmerktri tillögu að úthlutun styrkja úr Húsverndarsjóði árið 2022, ásamt trúnaðarmerktum fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Trúnaður er um efni tillögunnar þar til afhending styrkjanna fer fram.

Ólöf Örvardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
USK22010064

12. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Prestshús að Kjalarnesi, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Ólöf Örvardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS22050016

13. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk-Stekkjarmóa - Djúpadal, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Ólöf Örvardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS21120015

14. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á tillögu að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Ólöf Örvardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS22050017

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Búið er að skemma flesta Rauðhóla. Heilu hólunum var mokað í burtu á sínum tíma, grafið í aðra og þeir skemmdir og nú stendur eftir alls konar form af „hólum“, allir skemmdir af mannanna völdum. Skemmdir vegna efnistöku eru skerandi og ættu að minna alla á að ganga vel um náttúruna. Helsta markmiðið ætti að vera núna að þeim hólum sem ekki hefur þegar verið spillt verði algjörlega látnir óárettir. Þess vegna er gott að beina fólki ekki akkúrat að þeim hólum.

15. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á breytingu á deiliskipulagi Safamýrar-Álftamýrar vegna lóðarinnar nr. 2 við Starmýri, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða í 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. USK22010061

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er skoðun fulltrúa Sjálfstæðisflokks að gæta verði hófs í þéttingu í grónum hverfum og hafa gott samráð við íbúa. Hér er lagt til að gera breytingu á deiliskipulagi sem myndi veita heimild til þess að bæta við fjórðu hæð ofan á helming þakflatar þriggja hæða fjölbýlishúss sem nú er í byggingu. Í fylgiskjöllum með tillögunni kemur fram að byggingu hússins sjálfs eftir upphaflegum teikningum hafi verið mótmælt af flestum íbúum í götunni fyrir tveimur árum. Nú er enn bætt við byggingamagni. Athugasemdirnar sýna jafnframt að það er upplifun einhverra íbúa í nærliggjandi íbúðum að standa hefði mátt betur að samráði vegna breytingatillögunnar sem er hér afgreidd og að þau hafi áhyggjur af atriðum eins og skuggavarpi og bílastæðamálum. Íbúar fengu ekki send bréf um tillöguna að deiliskipulagsbreytingunni heldur húsfélög.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagt til að gera breytingu á deiliskipulagi sem myndi veita heimild til þess að bæta við fjórðu hæð ofan á helming þakflatar þriggja hæða fjölbýlishúss sem nú er í byggingu. Upphaflegum teikningum var mótmælt og nú á enn að bæta við byggingarmagni. Þessu hefur verið harðlega mótmælt og vill fulltrúi Flokks fólksins að hlustað sé á íbúa. Athugasemdir lúta m.a. að skorti á samráði. Áhyggjur eru af skuggavarpi og bílastæðamálum.

16. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. maí, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna stígagerðar og gerð útsýnisstaðar við Eiðisgranda og Ánanaust, ásamt fylgiskjöllum. Kostnaðaráætlun 2 er 150 m.kr. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir, Ólafur Ólafsson og Ósk Soffía Valtýsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. USK22040038

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér eru stigin jákvæð skref í að bæta aðgengi að vesturströndinni í Reykjavík sem hefur verið mjög torfærin og lokuð. Rétt væri að skoða næstu skref þannig að hægt verði að njóta sjávarins, útsýnisins og skjóls með því að fara niður fyrir sjóvarnargarðinn með skipulegum og öruggari hætti en nú er hægt.

17. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna nýrrar selalaugar og þjónustuhúss ásamt lóðarfrágangi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 125 m.kr. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir, Ólafur Ólafsson og Ósk Soffía Valtýsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK22010077

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða mjög mikilvægar breytingar á aðstöðu fyrir seli, en einnig fyrir slösuð dýr, en með þessum breytingum verður Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn að athvarfi til skemmri tíma fyrir dýr sem eru meidd eða illa haldin. Það er tímaskekkja í dag að halda villt dýr til sýningar, en þegar aðstæður eru þannig að ekki er hægt að sleppa dýrunum, þá er mikilvægt að búa þeim lífvænlegt umhverfi og stækkun og dýpkun laugarinnar er mjög mikilvægur þáttur í því.

Hildur Björnsdóttir, borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að tryggja góðan aðbúnað dýra í Húsdýragarðinum. Betur færi þó á því að garðurinn héldi eingöngu húsdýr sem unnt er að bjóða lífvænleg skilyrði. Villt dýr þrífast best í villtri náttúru. Áfram mætti þó vinna að verkefninu „Villt dýr í hremmingum“ sem unnið er í samstarfi við Náttúrufræðistofnun og miðar að því að koma villtum dýrum sem lent hafa í hremmingum til heilsu á ný, að því gefnu að þeim sé í kjölfarið sleppt aftur til sinna heimkynna. Það er svo umhugsunarvert hvort sveitarfélag eigi að standa að rekstri fjölskyldu- og húsdýragarðs og eðlilegt að skoða hvort réttast væri að bjóða reksturinn út.

18. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. apríl 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki lóðarvilyrði vegna uppbyggingar á umhverfisvænu húsnæði á lóð að Ártúnshöfða, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040238

19. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. apríl 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki aðilaskipti vegna lóðarinnar Eirhöfða 11, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22030127

20. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 29. apríl 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki aðilaskipti vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Suðurlandsbraut/Ármúla 31, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040243

21. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að gerður verði makaskiptasamningur við SORPU bs. þar sem Reykjavíkurborg framselur lóðarleiguréttindi að lóðinni Lambhagavegi 13 en fær í staðinn lóðina Sævarhöfða 21, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS22040115

22. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 3. maí 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki aðilaskipti vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Suðurfell 4 í Reykjavík, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS22050031

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér ganga bensínstöðvar kaupum og solum enda felast mikil verðmæti í þeim ef þeim er breytt í íbúðareiti. Fram hefur komið í fréttum að huga þarf að vernd sumra bensínstöðvanna. Mikilvægt er að gæta þess að þessi viðskipti séu gagnsæ og hafin yfir allan vafa.

23. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. maí 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagaða viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Berjaya Land Berhad um gerð skipulags fyrir Kýrhólaflóa þar sem félagið hyggst reisa fimm stjórnú hótél með heilsulind, baðlóni og tengdri starfsemi.

Greinargerð fylgir tillögunni
Samþykkt. MSS22050019

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

24. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, þar sem lögð er fram til kynningar ársfjórðungsskýrsla græna plansins fyrir október til desember 2021, ásamt ársskýrslu fyrir árið 2021, ásamt fylgiskjölum. MSS22030045

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Forsenda þess sem er kallað „græna planið“ er brostin. Það var sett á fót til að búa til nýjar leiðir til skuldsetningar Reykjavíkur. Það er rosalegt að borgin skuli vera rekin á lánum þegar ytri aðstæður eru að versna hratt vegna heimsástandsins. Á árabílinu 2022-2026 er áætlað að taka 92 milljarða að láni. Verðbólga vex hratt og hefur það gríðarleg áhrif á vaxtagreiðslur af verðtryggðum lánum Reykjavíkur til framtíðar. Nú stefnir í enn frekara óefni í rekstri borgarinnar og ljóst að áætlanir um að skuldir borgarssjóðs verði 240 milljarðar í árslok 2026 eru brostnar. Þær verða langtum, langtum hærrí. Enda er nú boðað að fara eigi í endurskoðun á fjárfestingaráætlun Reykjavíkur. Ekki var hægt að svara á fundinum hvað skuldir borgarinnar hefðu hækkað mikið frá því fjárfestingaráætlun 2022-2026 var samþykkt vegna hækkunar vaxta undanfarna mánuði en það boðað að væri verið að tina til upplýsingar um það.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur í grænu skýrslunni að farið var í fjárfestingaáttak í stafrænni umbreytingu. Því miður er ekki hægt að segja að unnið hafi verið að stafrænni umbreytingu með skýrum markmiðum og með hagkvæmni að leiðarljósi. Segja má að þessi vegferð hafi einkennst af göslaragangi og lausung. Það er sárt að horfa upp á vinnubrögð af þessu tagi fyrir flokk eins og Flokk fólksins sem hefur barist fyrir bættri þjónustu við fólk í borginni. Flokkur fólksins er ekki einn um þá gagnrýni á hvernig farið hefur verið með þessa 13 milljarða króna sem eiga eftir að verða mun fleiri þegar fram líða stundir. Samtök iðnaðarins hafa einnig gagnrýnt þetta opinberlega ásamt fleirum sem þekkingu hafa á þessum málum. Stafræn þróun hjá Reykjavíkurborg snerist nefnilega upp í stafræna sóun. Mun hagkvæmara hefði verið að fara að dæmi annarra sveitarfélaga og ganga strax til liðs við Stafrænt Ísland í stað þess að eyða ómældu fjármagni í að finna upp hjólið. Ábyrgðin er að öllu leyti borgarstjóra sem er framkvæmdastjórinn en einnig samstarfsflokka hans. Flokkur fólksins hefur vakið athygli innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á þessu alvarlega máli og hefur hún í framhaldi ákveðið að gera úttekt á starfsemi þjónustu- og nýsköpunarsviðs á næsta ári.

25. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi við Almannaheill um Fund fólksins sem haldinn verður í Reykjavík árlega næstu þrjú árin, næst 2023. Kostnaður vegna þátttöku í verkefninu eru 4,5 m.kr. fyrir árið 2023 og síðan 6 m.kr. hvert ár árin 2024 og 2025. Kostnaðurinn greiðist árið 2023 af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur, en kostnaði vegna árána 2024 og 2025 er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS22020108

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

26. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. maí 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að Reykjavíkurborg haldi sumarhátíð fyrir allt starfsfólk og fjölskyldur þeirra 11. júní nk. Áætlaður heildarkostnaður við hátíðina er 40.000.000 kr. Útgjöldin verði fjármögnuð af liðnum 09205 Ófyrirséð.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt. MSS22050036

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

27. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir að úthluta um 4.965 fm lóð og byggingarrétti fyrir allt að 140 íbúðir við Einarsnes 130.

Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða í 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22050005

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Rétt er að benda á að uppbygging í „Nýja Skerjafirði“ er í algeru uppnámi. Isavia og innviðaráðherra telja að nýtt íbúðahverfi í Skerjafirði skerði rekstraröryggi flugvallarins. Það er því fráleitt að hægt sé að úthluta byggingarlóðum einmitt á því svæði sem deilt er um. Hér er um stórt mál að ræða bæði hvað varðar rekstur flugvallarins og fyrirhugaða íbúðabygð. Það er með öllu ótækt að úthluta þessu svæði á síðasta fundi borgarráðs fyrir borgarstjórnarkosningar.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands telur ekki tímabært að selja byggingarrétt á landi sem liggur að Reykjavíkurflogvelli eða undir Reykjavíkurflogvelli á meðan hann er í fullri notkun og jafn stór hluti af neyðarúrræði landsbyggðarinnar og nú er. Þegar um alvarleg slys er að ræða skipta mínútur sköpum. Ennfremur teljum við mikilvægt að styðja við landsbyggðina og standa undir nafni sem höfuðborg landsins og grafa ekki undan flugvöllinum og núverandi notkun hans á meðan aðrar lausnir eru ekki í auglýsingu.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Isavia og innviðaráðherra hafa verið afgerandi í skoðunum sínum undanfarna daga um að Reykjavíkurborg fái ekki flugvallarland í Skerjafirði til íbúðabygginga meðan annar jafngóður eða betri kostur undir flugvöll er ekki uppbyggður. Borgarstjóri berst á móti ríkisstjórninni og Isavia af fullum krafti. Uppi er mikil deila. Borgarstjóri er læknir og virðist ekki skilja að um Reykjavíkurflogvöll fara líffæraþegar og -gjafar sem eru alltaf akút flutningar. Hér er verið að samþykka uppbyggingu á tæplega 5.000 fermetra lóð innan flugvallargirðingar. Það er ljóst að Isavia og ríkið þurfi að þvæla málið t.d. með dómsmáli - því í samningnum um lóðina er ákvæði: „Hefji lóðarhafi ekki framkvæmdir innan tveggja ára frá því að aðila er tilkynnt um að lóðin sé byggingarhæf fellur lóðarúthlutun þessi niður án sérstakrar tilkynningar borgarráðs um afturköllun lóðarúthlutunarinnar.“ Ég hvet ríkið að beita sér af öllu afli á móti Reykjavíkurborg til að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Það er líf og öryggi í húfi fyrir alla landsmenn.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða svæði fyrir innan flugvallargirðinguna. Vitnað er í orð ráðherra samgöngumála sem segir að ekkert sé verið að fara að byggja í Skerjafirði þar sem flugvöllurinn er ekki á leiðinni þaðan. Enginn annar sambærilegur eða betri staður hefur fundist fyrir flugvöllinn. Er hér einhver misskilningur í gangi? Orð ráðherra og orð borgarstjóra fara ekki saman. Er verið að fara að byggja í Skerjafirði eða ekki?

28. Fram fer umræða um samstarf Reykjavíkurborgar við Lvív. MSS22040212
29. Afgreiðsla varðandi Þjóðarhöll í innanhúsiþróttum í Laugardal er færð í trúnaðarbók borgarráðs.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22050013

30. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í að fjármagna hönnun á þjóðarleikvangi í frjálsum íþróttum í samræmi við meðfylgjandi skýrslu starfshóps um þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum. Gert er ráð fyrir að kostnaðarskipting skiptist til helminga milli Reykjavíkurborgar og ríkisins. Viðauki við fjárfestingaáætlun verður unninn og lagður fyrir borgarráð til samþykktar þegar kostnaðaráætlun fyrir hönnunina liggur fyrir.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS21120151

31. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. maí 2022:

Lagt er til að 11,5 m.kr. verði lagðar til Þjóðarleikvangs ehf. annars vegar 6 m.kr. til þess að ráðast í markaðskönnun skv. tillögu stjórnar og hins vegar 5,5 m.kr. til þess að tryggja rekstur félagsins tímabilið 1. júlí 2022 til 30. júní 2023. Áætlað er að kostnaður sem falli til árið 2022 verði 8,75 m.kr. en árið 2023 verði fjárhæðin 2,75 m.kr. Framlagið verði samþykkt með fyrirvara um að ríkið og KSÍ leggi til sambærilegt framlag í hlutfalli við eignaraðild sína. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun í samræmi við tillöguna.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS21120165

32. Lagt fram bréf formanns borgarráðs, dags. 3. maí 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Skáksambandi Íslands 7 m.kr. styrk vegna afmælishátíðar einvígis aldarinnar. Einnig lögð fram umsögn menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, dags. 26. apríl 2022.
Samþykkt.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS22030073

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Afmælishátíð einvígis aldarinnar sem fram fór í Laugardagshöllinni árið 1972 er minnst nú á þessu ári. Skákíþróttin er þjóðaríþrótt Íslendinga og hana verður að styrkja með ráðum og dáð. Það er ánægjulegt að borgarráð samþykkti styrk til afmælishátíðarinnar og leggi þar með sitt lóð á vogarskálarnar til að efla skák á Íslandi.

33. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, ásamt fylgiskjölum og trúnaðarmerktum fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að taka þátt í tímabundinni lækkun leigugreiðslna Hjallastefnunnar vegna flutnings úr núverandi húsnæði í nýtt húsnæði með vísun í samþykkt borgarráðs frá 27. janúar sl. Framlag Reykjavíkurborgar vegna grunnleigugjalds mun nema 1.650 kr. á fermetra á mánuði og er fjárhæðin bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar m.v. þann mánuð sem aðilar undirrita endanlegan leigusamning. Óskað er eftir því að heimildin gildi á meðan þjónustusamningur er við Hjallastefnuna um rekstur skólastarfs í húsnæðinu eða í allt að 10 ár og mun heildarframlag Reykjavíkurborgar yfir samningstímann nema þá að hámarki 594 m.kr. auk verðbóta (59,4 m.kr. á ári auk verðbóta). Þá er lagt til að borgarráð heimili þátttöku í viðbótarleigugjaldi sem bætist við grunnleigugjaldið. Viðbótarleigugjaldið endurspeglar framkvæmdakostnað leigusala við að laga húsnæðið að starfsemi Hjallastefnunnar og óskum Reykjavíkurborgar um fjölgun ungbarnadeilda. Framkvæmdarkostnaðurinn er áætlaður allt að 300 m.kr. og skal liggja fyrir við undirritun endanlegs leigusamnings og samþykktur með aðkomu Reykjavíkurborgar. Viðbótarleigugjaldið er bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á sama hátt og grunnleigugjaldið Miðað er við að upphaf leigutíma sé eigi síðar en á tímabilinu 1. ágúst 2022 til 1. janúar 2023. Greiðsla leigugjalds skal hefjast frá afhendingardegi, hlutfallslega miðað við afhentan hluta hins leigða.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2022 verði endurskoðaðar þegar afhendingaráætlun og greiðslufyrirkomulag framlaga liggur fyrir.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Helgi Grímsson og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040016

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vlnstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagður fram tímabundinn samningur til að styðja við húsnæðiskostnað Hjallastefnunnar í Reykjavík til að koma í veg fyrir að rof verði á starfsemi skólasamfélagsins í Öskjuhlíð. Þarna er um 100 leikskólabörn og 200 nemendur Hjallaskólans að ræða. Á sama tíma er lagður grunnur að framtíðarlausn um húsnæðismál skólans, þar sem bætast mun við 60 barna ungbarnaleikskóli sem yrði hluti að aðgerðaráætlun Reykjavíkur um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það er mikilvægt að reykvískum börnum bjóðist áfram sá valkostur sem Hjallastefnan er.

34. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samstarfsyfirlýsingu við Hjallastefnuna sem felur í sér að Hjallastefnan skuldbindi sig til að gera tímabundinn leigusamning um húsnæði og flytja skólastarf sitt úr núverandi húsnæði við Nauthólsveg.

Samþykkt.

Helgi Grímsson og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040015

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vlnstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagður fram tímabundin samningur til að styðja við húsnæðiskostnað Hjallastefnunnar í Reykjavík til að koma í veg fyrir að rof verði á starfsemi skólasamfélagsins í Öskjuhlíð. Þarna eru um 100 leikskólabörn og um 200 nemendur Hjallaskólans að ræða. Á sama tíma er lagður grunnur að framtíðarlausn um húsnæðismál skólans, þar sem bætast mun við 60 barna ungbarnaleikskóli sem yrði hluti að aðgerðaráætlun Reykjavíkur um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það er mikilvægt að reykvískum börnum bjóðist áfram sá valkostur sem Hjallastefnan er.

35. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. maí 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lögð er fram niðurstaða hugarflugs og samráðs um útfærslu á Hafnarhúsi, húsi myndlistar. Til verkefnisins var efnt til að draga fram hugmyndir og sjónarmið í aðdraganda hönnunarsamkeppni um Hafnarhús í kjölfar kaupa borgarinnar á þeim hluta þess sem var í eigu Faxaflóahafna. Lagt er til að borgarráð samþykki að fela eignaskrifstofu að gera heildarúttekt á húsnæði Hafnarhúss. Slík úttekt er nauðsynleg vegna ástands hússins en einnig ábendinga og hugmynda um að skynsamlegt gæti verið að endurhanna og endurbyggja efstu hæð hússins og bæta jafnvel viðbótarhæð við, sbr. umfjöllun í skýrslunni og fyrri ástandsskýrslum. Jafnframt er lagt til að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að leiða undirbúning að hönnunarsamkeppni um Hafnarhúsið meðal annars með hliðsjón af

meðfylgjandi skýrslu, frekari þarfagreiningu og ástandsmati hússins. Byggt verði á því samráði sem haft hefur verið en þess gætt að áframhaldandi samráð við þróun keppnisforsendna verði haft við menningar- og ferðamálasviðs, eignaskrifstofu og aðra eins og tilefni er til.

Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040197

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það eru gleðitíðindi fyrir listunnendur að Hafnarhús verði hjarta myndlistar í þétta samstarfi og nálægð við m.a. Listasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Borgarbókasafnið og fjölbreytta flóru listafólks og Listaháskóla Íslands sem senn flytur í Tollhúsið. Einnig er hafinn undirbúningur á að koma listasafni Nínu Tryggvadóttur fyrir í Hafnarhúsinu. Reykjavíkurborg hefur hafið undirbúning að samkeppni um endurgerð og endurnýjun Grófarhúss og það eru gríðarleg tækifæri til að nýta samspil allra þessara menningarhúsa og huga að heildarsamhengi svæðisins að meðtöldu svæði tónlistarhússins Hörpu og hafnarsvæðisins, Hafnartorgs og Kvosarinnar. Að þeirri umræðu er mikilvægt að kalla alls konar fólk og hagaðila, auk opins samráðs og samtals.

36. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir samþykki borgarráðs fyrir því að semja um rekstur í Tryggvagötu 17, Hafnarhúsinu, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22050002

37. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. apríl 2022, þar sem óskað er eftir því að borgarráð samþykki drög að húsaleigusamningi um hluta af 1. hæð í Kringlunni 1, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Óli Jón Hertervig og Helgi Grímsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22040069

38. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. apríl 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að rými á 1. hæð á Rafstöðvarvegi 4 verði nýtt fyrir tímabundið verkefni á vegum Dýrabjónustu Reykjavíkur í samvinnu við félagasamtök, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22040072

39. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki drög að leigusamningi um hluta af vörugeymslu í Súðarvogi 1, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22050003

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Húsnæði leikskóla borgarinnar hefur verið óviðunandi og hefur verið brugðist alltof seint við þörfum barnafólks.

40. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, þar sem borgarráði er tilkynnt að Reykjavík hafi orðið fyrir valinu sem ein af 100 borgum sem fallnar eru til að vera í forystu í loftslagsmálum, ásamt fylgiskjölum.

Hrönn Hrafnadóttir, Karen Björk Eypórsdóttir, Eiríkur Hjálmarsson, Erik Tryggvi Striz Bjarnason, Guðmundur B. Friðriksson, Hulda Hallgrímsdóttir, Karen María Jónsdóttir og Þorsteinn Rúnar Hermannsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22050001

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það að Reykjavík hafi verið valin ein af hundruð loftslagsborgum úr 400 umsóknum er mikil viðurkenning á því að við höfum alla burði til að ná kolefnishlutleysi fyrir 2040 og að við höfum öll tækifæri til að vera öflug í baráttunni við loftslagsvána. Þau fjölmörgu verkefni sem Reykjavík hefur lagt áherslu á; allt frá hjólastígagerð, örflæðislausnum, þéttingu byggðar, meðhöndlun úrgangs og til kolefnisföngunarverkefna eins og Carbfix hafa sýnt sig að beri árangur og að við þurfum að halda áfram á þeirri braut. Þessi útnefning hvetur okkur til frekari dáða og er því fjölbreytta starfsfólki sem vann umsóknina sérstaklega þakkað fyrir eljuna og vel unnin störf sem færðu okkur þessa viðurkenningu.

41. Lagt fram minnisblað mannauðs- og starfsumhverfisviðs, dags. 2. maí 2022, þar sem lögð er fram skýrsla með niðurstöðum launagreiningar 2021, ásamt fylgiskjölum.

Lóa Birna Birgisdóttir og Harpa Hrund Berndsen taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MOS22020006

42. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 29. apríl 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki tillögur stýrihóps um endurskoðun jafnlaunastefnu, ásamt fylgiskjölum. Lagt er til að stefnan verði samþykkt með fyrirvara um kostnaðarmat á aðgerð 2. Ef kostnaðarauki er af tillögunni yrði henni vísað til gerð fjárhagsáætlunar 2023.

Vísað til borgarstjórnar.

Diljá Ámundadóttir Zoëga, Ellen J. Calmon, Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir og Elín Blöndal taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040241

43. Lagt fram minnisblað mannauðs- og starfsumhverfisviðs, dags. 2. maí 2022, um niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Lóa Birna Birgisdóttir og Harpa Hrund Berndsen taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22050012

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Eftir því er tekið að svarhlutfall er lágt á skóla og frístundasviði, umhverfis og skipulagssviði og velferðarsviði. Hverju skyldi það sæta? Fræðsla, þjálfun og upplýsingaflæði koma verst út. 4.9% er áreitni hjá samstarfsfólki og tæplega 4% er einelti hjá samstarfsfólki. Hvað þýða þessar tölur og hvernig á að bregðast við?

44. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. apríl 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda þeirra sem búa við þjónustuskerðingu vegna vanskila, sbr. 29. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. ágúst 2020. FAS22040071
45. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. apríl 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um þrískipta vísitölu leiguverðs í Reykjavík, sbr. 81. lið fundargerðar borgarráðs frá 15. apríl 2021. FAS22040067
46. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis frá 28. apríl 2022. MSS22010030
47. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals frá 25. apríl 2022. MSS22010028

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 3. lið fundargerðarinnar:

Kynning á uppbyggingu verslunar, þjónustu og íbúðahúsnæðis við Jarpstjörn, Skyggisbraut og Rökkvatjörn. Eftir 15 ár er loksins verið að leggja drög að verslun í hverfinu sem átti að verða sjálfbært en nú fimmtán árum seinna er engin matvöruverslun hvað þá bakarí. Hér er ekki annað hægt en að fagna mjög. Tekið er einnig undir bókun sem birt er undir 4. lið sem er um breytingu á deiliskipulagi fyrir Reynisvatnsás: Íbúasamtökin í Úlfarsárdal hafna tillögu á breytingu á skilmálum deiliskipulagsins „Reynisvatnsás, íbúðarhverfi, deiliskipulag“. Þessi breytingalýsing að leyfa skorsteina og loftnet upp fyrir tilgreinda hámarkshæð er of opin. Þarna er verið að opna fyrir að stórir steyptir skorsteinar og gervihnattadiskar geti skyggt á útsýni á flottum útsýnislóðum. Hefðbundið loftnet og 30-40 cm þykkt reykrör myndi teljast innan marka. Eitthvað stærra en það þyrfti að fara í grenndarkynningu.

48. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá 27. apríl 2022. MSS22010033

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 3. lið fundargerðarinnar:

Fulltrúi Flokks fólksins styður bókun íbúaráðs Miðborgar Hlíða að fulltrúi íbúaráðsins og fulltrúi íbúasamtaka verði hluti af samráðshópi um umferð stærri ökutækja í miðborginni. Mál af þessu tagi er best unnið í góðu samráði við íbúana og hagaðila á svæðinu.

49. Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 27. apríl 2022. MSS22010018
50. Lagðar fram fundargerðir stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 8. og 28. mars 2022. MSS22010017
51. Lögð fram fundargerð skipulags- og samgönguráðs frá 4. maí 2022. B-hluti fundargerðarinnar er samþykktur. MSS22010010

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 13. lið fundargerðarinnar:

Eina leiðin til að borga sig inn í strætó núna, svona að mestu, er að eiga farsíma og vera búin að koma sér upp Klapp-appinu til að geta keypt sér inneign. Nauðsynlegt er að hafa rafrænt auðkenni til að geta farið inn á „mínar síður“ og endurnýjað inneignina. Það eiga ekki alveg allir farsíma og sumir, t.d. hælisleitendur sem nota strætó mikið, hafa ekki einu sinni kennitölu. Enn aðrir geta ekki, t.d. vegna fötlunar sinnar, notað rafræn skilríki og geta þ.a.l. ekki notað „mínar

síður“. Reynt hefur verið að finna lausnir á þessu og á eftir að koma í ljós hvort þær gagnast. Versta er ef „kerfi“ sem þetta á eftir að hindra fólk í að nota strætó. Það er ekki gott ef viðkvæmir hópar og þeir sem hafa stólað mest á strætó treysti sér ekki til að nota strætó vegna nýja greiðslukerfisins Klapp. Fólk hefur kvartað sáran yfir þessu kerfi og að ekki sé boðið upp á fleiri greiðslumöguleika en tíu miða kort. Stjórnendur Strætó verða að setja sig betur í spor þeirra sem ferðast með vögnum fyrirtækisins áður en ákveðið er að kaupa „kerfi“ sem þetta. Sníða þarf þjónustuna að veruleika þjónustubega og skilja engan út undan.

52. Lögð fram fundargerð öldungaráðs frá 25. apríl 2022. MSS22010024

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 1. lið fundargerðarinnar:

Fulltrúi Flokks fólksins styður heilshugar við velferðartækni til að auka þjónustu við eldri borgara og aðra þjónustubega í Reykjavík en vill að það sé gert með markvissum og hagkvæmum hætti. Flestar þeirra lausna sem hér um ræðir eru án efa nú þegar til í einhverri mynd t.d. hjá öðrum sveitarfélögum og þarf því ekki að finna upp hjólið að nýju. Stefna velferðarsviðs um velferðartækni er metnaðarfull. Velferðartækni á að sameinast rafrænni þjónustumiðstöð en eftir því sem heyrir þá er nú hægt að sækja um fjárhagsaðstoð þar og áfrýja málum og panta tíma hjá ráðgjafa. Velferðartækni mun án efa stuðla að fjölbreyttri og sveigjanlegri þjónustu sem miðar að einstaklingsmiðuðum þörfum ef allt gengur upp sem skyldi.

53. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 10 mál. MSS22050010

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 1. lið yfirlitsins:

Svarbréf Reykjavíkurborgar, dags. 7. apríl 2022, og svarbréf innviðaráðuneytisins, dags. 29. apríl 2022, við upplýsingabeiðni ESA vegna reikningsskila Félagsbústaða hf. og Reykjavíkurborgar. Það eru margir sem bíða eftir að sjá hvað kemur endanlega út úr bréfaskriftum ESA við ráðuneytið. Það að það skuli vera bréfaskriftir yfir höfuð um þetta mál finnst fulltrúa Flokks fólksins vera eitt og sér athyglisvert. Það að ESA sé með þetta til skoðunar er merki þess að alla vega var talið að eitthvað væri skoðunarvert. Endurmeta ætti reikningsskilaaðferðir. Rekstur borgarinnar breytist ekki, þetta er talnaleikfimi. Búinn er til leikur til að reyna að láta þetta líta betur út.

54. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. MSS22050003

55. Lagt fram yfirlit yfir styrkumsóknir til borgarráðs utan umsóknartíma. MSS22010042
Samþykkt að veita RVK Feminist Film Festival styrk að fjárhæð kr. 1.500.000 vegna RVK Feminist Film Festival 2022.
Öðrum styrkumsóknum er hafnað.

56. Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi tillögu:

Verðbólga hefur hækkað verulega að undanfögnu og hefur Seðlabankinn brugðist við með hækkun stýrivaxta. Þetta leggst þyngst á foreldra með börn á framfæri. Verkalýðshreyfingin og fleiri aðilar hafa kallað eftir aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Reykjavíkurborg er höfuðborg og fjölmennasta sveitarfélag landsins og hefur því skyldu til þess að bregðast við þessu ákalli. Leikskólagjöld eru stór útgjaldaliður hjá foreldrum með börn á framfæri. Það liggur því beinast við að Reykjavíkurborg leggi sitt af mörkum við að vinna gegn verðbólgu og verja foreldra barna fyrir neikvæðum

áhrifum hennar og vaxtahækkunum með því að hætta innheimtu leikskólagjalda. Fulltrúi Vinstri grænna í borgarráði leggur til að borgarstjóra verði falið að undirbúa að Reykjavíkurborg hætti að innheimta leikskólagjöld. Öll börn eiga rétt á menntun óháð efnahag foreldra og mun þessi aðgerð færa Reykjavíkurborg nær því að tryggja það og verja börn í borginni fyrir neikvæðum áhrifum verðbólgu og vaxtalækkana.

Frestað.

- Kl. 13:08 vísar Eypór Laxdal Arnalds af fundi.

Fundi slitið kl. 13:11

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir
Líf Magneudóttir
Jórunn Pála Jónasdóttir

Alexandra Briem
Hildur Björnsdóttir

BORGARSTJÓRN

Ár 2022, þriðjudaginn 21. júní, var haldinn fundur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 14:05. Voru þá komnir til fundar, auk Einars Þorsteinssonar borgarstjóra, eftirtaldir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar: Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Alexandra Briem, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðný Maja Riba, Heiða Björg Hilmsdóttir, Helgi Áss Grétarsson, Hjálmar Sveinsson, Jórunn Pála Jónasdóttir, Kjartan Magnússon, Kolbrún Baldursdóttir, Kristinn Jón Ólafsson, Líf Magneudóttir, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Magnús Davíð Norðdahl, Marta Guðjónsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsson, Sabine Leskopf, Sandra Hlíf Ocares, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Skúli Helgason, Trausti Breiðfjörð Magnússon og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Borgarstjórn samþykkir að færa málaflökka atvinnumála, nýsköpunar og ferðapjónustu til forsætisnefndar. Forsætisnefnd er falið að vinna tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sem skal lögð fram til fyrri umræðu á fyrsta fundi borgarstjórnar í september.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Borgarstjórn samþykkir að færa málaflökka ferðamála undir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð, málaflökka nýsköpunarmála undir stafrænt ráð og að málaflökka atvinnumála verði áfram undir borgarráði.

- Kl. 15:40 tekur Hildur Björnsdóttir sæti á fundinum og Jórunn Pála Jónasdóttir vikur af fundi.

Breytingartillagan er felld með 15 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Viðreisnar gegn 6 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarfulltrúar Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðsluna.

Tillaga um breytt hlutverk forsætisnefndar er samþykkt með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, og Viðreisnar gegn 8 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands. Borgarfulltrúar Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðsluna. MSS22060157

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að raungera það sem fram kemur í meirihlutasáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar; „atvinnumál, nýsköpun og ferðaþjónusta heyrir undir forsætisnefnd.“

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg er sjálfstætt stjórnvald sem stjórnað er af lýðræðislega kjörinni borgarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins. Forsætisnefnd hefur því hlutverki að gegna að tryggja vel skipulagða fundi borgarstjórnar, og þar með stuðla að góðum starfsanda. Að sama skapi er það ekki hlutverk forsætisnefndar að taka afstöðu til efnisatriða er varða stjórn Reykjavíkurborgar enda þekktist það vart að nefnd á vegum löggjafarþings, þjóðþings eða stjórnar sveitarfélags, sem sér um fundarstjórn, blandi sér í pólitísk efnisatriði. Það bókast hér með að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn gjalda varhug við því að í störf forsætisnefndar blandist verkefni atvinnulífs, nýsköpunar og ferðamála, sem eru veigamiklir og mikilvægir málaflokkar. Ákjósanlegra væri fyrir málaflokkana að færa þá undir viðeigandi fagråd innan borgarkerfisins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að stækka hlutverk forsætisnefndar. Fulltrúar sósíalísta telja að betur færi á því að stofna nýtt ráð utan um þau verkefni sem eru talin upp sem eru atvinnumál, ferðaþjónusta og nýsköpun, eða þau ætti að fella inn í núverandi ráð sem sjá um þau verkefni. Verka- og launafólk eru kjarninn í atvinnumálum. Án starfsfólks er engin starfsemi. Það er eðlilegt að það, eða samtök þeirra, hafi aðkomu að ráði þar sem verið er að fjalla um atvinnumál, og eðlilegt að kjaramál þeirra sem starfa beinlínis fyrir borgina verði umfjöllunarefni ráðsins sem og umræða um ásættanlegt launabil innan borgarinnar, stærsta vinnustaðar á landinu. Fulltrúar sósíalísta hafa áhyggjur af því að megináherslur ráðsins í atvinnumálum verði litaðar af einfeltningslegri sýn á svokallað „atvinnulíf“ þar sem öll þau sem eiga sér ekkert nema atvinnulíf gleymast. Sósíalistar munu vinna ötullega að því að rödd verka- og láglaunafólks og starfsfólks sem vinnur í borginni og fyrir borgina fái viðeigandi áheyrn í ráðum og nefndum borgarinnar. Varðandi breytingartillögu Sjálfstæðisflokksins, þá taka Sósíalistar undir mikilvægi þess að málefni sem eru til umræðu verði til umfjöllunar í viðeigandi ráðum en telja t.a.m. ekki að ferðamál eigi heima í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillagan sem hér um ræðir felur í sér aukið hlutverk forsætisnefndar svo um munar. Nefndin fundar tvisvar í mánuði og á að taka yfir ólíklegustu mál, s.s. atvinnumál og ferðaþjónustu. Ekki er alveg séð hvernig þessi mál falla undir hlutverk forsætisnefndar eins og það var hugsað í grunninn. Þar ægir nú öllu saman, allt frá því að skipuleggja starf borgarstjórnar og fjalla um málefni kjörinna fulltrúa yfir í stóra málaflokka eins og atvinnu- og ferðamál. Nú þegar hlutverk forsætisnefndar hefur verið útvíkkað svo um munar er spurning hvort ekki þurfi að fjölga fundum og breyta nafni nefndarinnar.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins mótmæla þeirri ákvörðun forseta borgarstjórnar að sameina umræður vegna þriggja dagskrárliða yfirstandandi borgarstjórnarfundar undir einum og sama liðnum. Með þessu var vikið frá útsendri dagskrá, sem leiddi m.a. til þess að ræðutími varð takmarkaðri en ella. Forseti hefur ekki heimild til að ákveða slíka breytingu á dagskrá upp á sitt eindæmi þar eð slíka breytingu á að leggja undir fundinn sem formlega tillögu um breytingu á dagskrá fundarins og bera upp sem afbrigði. Undir umræddum dagskrárliðum stóð til að ræða tillögur um veigamiklar breytingar á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Augljóst er að tilgangur umræddrar dagskrárbreytingar er að lágmarka óþægilegar umræður í borgarstjórn um vinnubrögð nýstofnaðs meirihluta vegna téðra stjórnkerfisbreytinga.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Borgarstjórn samþykkir að sameina málaflokk mannréttinda og ofbeldisvarna í nýju mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði sem tekur við hlutverki ofbeldisvarnarnefndar. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september og kemur í stað gildandi samþykta mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og ofbeldisvarnarnefndar. Ráðið starfar samkvæmt samþykktum mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs og ofbeldisvarnarnefndar þar til ný samþykkt liggur fyrir.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Borgarstjórn samþykkir að færa málaflokk mannréttinda undir velferðarráð og halda ofbeldisvarnarnefnd sem sjálfstæðum samráðsvettvangi líkt og áður.

Breytingartillagan er felld með 15 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Viðreisnar gegn 6 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarfulltrúar Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðsluna.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Borgarstjórn samþykkir að stofna mannréttindaráð en hafa hlutverk, verkefni og málefni ofbeldisvarnarnefndar í óbreyttri mynd.

Breytingartillagan er felld með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna.

Tillaga um stofnun mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs er samþykkt með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn 6 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðsluna. MSS22060044

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að raunera það sem fram kemur í meirihlutasáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar; „mannréttinda- og ofbeldisvarnarmál verða sameinuð í mannréttindaráði sem taki við hlutverki ofbeldisvarnarnefndar og annist reglulegt samráð um ofbeldismál.“

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks telja rétt að málaflokkur mannréttinda verði færður undir velferðarráð og að ofbeldisvarnarnefnd fái áfram að starfa sem sjálfstæður samráðsvettvangur líkt og áður.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar sósíalista styðja mikilvægi þess að málefni mannréttinda- og ofbeldisvarna fái aukið vægi í borginni. Við leggjum ásamt öðrum fulltrúum fram breytingartillögu um að borgarstjórn samþykki að stofna mannréttindaráð en að hlutverk, verkefni og málefni ofbeldisvarnarnefndar verði áfram í óbreyttri mynd. Ofbeldisvarnarnefnd eins og hún hefur starfað skipaði fagaðila frá Stígamótum og Samtökum um kvennaathvarf, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og embætti landlæknis. Nú er ofbeldisvarnarnefnd lögð niður, en ógert er að tryggja aðkomu þeirra faglegu samráðsfulltrúa sem áður áttu meirihluta sæta í henni. Sömuleiðis voru heimildir nefndarinnar víðar, afar skýrar og einnig tilgangur hennar.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins hefur áhyggjur af að með þessari breytingu, þ.e. að leggja niður ofbeldisvarnarnefnd og setja málaflokkinn undir mannréttindaráð, áður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð, sé verið að gengisfella málaflokkinn. Málaflokknum um ofbeldi er nánast fórnað fyrir málaflokkinn um stafræna vegferð sem nú fær sitt eigið ráð. Eitthvað þurfti því til að fylla í skarðið í mannréttindaráði og þótti þá greinilega í lagi að smella ofbeldismálunum þar inn. Þessi tilfærsla segir mest um forgangsröðun síðasta og þessa meirihluta. Stafræn umbreyting er sett hærra en ofbeldismálin. Flokkur fólksins álítur að stafrænu málin hafi verið færð í sér ráð til að erfiðara reynist að veita málaflokknum aðhald og eftirlit. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur legið undir gagnrýni fyrir að fara með skattfé borgarbúa af lausung ef tekið er mið af nútímakröfum um skilvirkni og aðhald. Enda þótt segi í greinargerð með tillögunni að þeim sem setið hafa í ofbeldisvarnarnefndverði verði tryggð aðkoma að störfum hins nýja ráðs þá er það nokkuð annað en að sitja í sérstakri nefnd um ofbeldismál. Ekki kemur fram hvort einhver sérstakur fjárhagslegur ávinningur er af þessari breytingu.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er háð samkomulagi og pólitískri stefnu þeirra flokka sem starfa saman hverju sinni hvar málaflokkar eru staðsettir og hvaða málaflokkar víkja eða hafa meira eða

minna vægi. Það má fetta fingur út í margar þær breytingar sem nú eru gerðar á fagráðum og forsætisnefnd en verst er þó sú breyting að leysa upp ofbeldisvarnarnefndina í þeirri mynd sem hún hefur starfað frá upphafi og setja undir mannréttindaráð. Í því felst sú hætta að samtalið við helstu lykilmanneskjur og fagfólk samfélagsins í ofbeldisvarnarmálum tynist í skarkala annarra mála. Fókusinn á þau mál sem helst ættu að vera í brennidepli og eru eitt stærsta viðfangsefni stjórnmalanna; að útrýma kynbundnu ofbeldi og annars konar ofbeldi, verður óskýr og vinnan ómarkvissari. Borgarfulltrúi Vinstri grænna óttast að þessi tilhögun meirihlutans sé fyrsta merki þess að femínískum málefnum verði ekki gert hátt undir höfði á kjörtímabilinu og er það dapurleg afturför.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins mótmæla þeirri ákvörðun forseta borgarstjórnar að sameina umræður vegna þriggja dagskrárliða yfirstandandi borgarstjórnarfundar undir einum og sama liðnum. Með þessu var vikið frá útsendri dagskrá, sem leiddi m.a. til þess að ræðutími varð takmarkaðri en ella. Forseti hefur ekki heimild til að ákveða slíka breytingu á dagskrá upp á sitt eindæmi þar eð slíka breytingu á að leggja undir fundinn sem formlega tillögu um breytingu á dagskrá fundarins og bera upp sem afbrigði. Undir umræddum dagskrárliðum stóð til að ræða tillögur um veigamiklar breytingar á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Augljóst er að tilgangur umræddrar dagskrárbreytingar er að lágmarka óþægilegar umræður í borgarstjórn um vinnubrögð nýstofnaðs meirihluta vegna téðra stjórnkerfisbreytinga.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Borgarstjórn samþykkir að stofna stafrænt ráð Reykjavíkurborgar. Ráðið skal taka við málaflokki stafrænna umbreytinga, þjónustu, lýðræðis- og gagnsæismála auk samfélagslegrar og opinberrar nýsköpunar. Um er að ræða fastanefnd sem verður í flokki I skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir ráðið í samráði við mannréttindaskrifstofu sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Ráðið starfar samkvæmt samþykkt mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, og Viðreisnar gegn atkvæði borgarfulltrúa Flokks fólksins. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðsluna. MSS22060158

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að raungera það sem fram kemur í meirihlutasáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar; „málaflokkur stafrænnar umbreytinga og þjónustu verði styrktur með nýju stafrænu ráði sem einnig fer með lýðræðis- og gagnsæismál og samfélagslega og opinbera nýsköpun.“

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks telja rétt að málaflokkur nýsköpunar verði færður undir hið nýstofnaða stafræna ráð.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Lýðræðismál ættu betur heima í mannréttindaráði vegna þess að þau eiga ekki einungis heima á internetinu. Það að ætla að setja lýðræðismálin einungis undir hatt stafræns ráðs þrengir þá möguleika sem við höfum í ráðinu til þess að tryggja aðkomu fjölbreyttra hópa og stöðu þeirra í lýðræðismálum. Mikilvægt er að hugsa um málefni lýðræðisins á stærri grundvelli en einungis þeirra sem fara fram á stafrænum vettvangi. Margar leiðir standa til boða til að auka aðkomu að lýðræðislegum verkefnum og mikilvægt er að tryggja aðkomu þeirra sem hafa ekki aðgang að stafrænum leiðum. Lýðræði varðar mannréttindi okkar allra og því væri hægt að berjast fyrir þeim rétti inni í mannréttindaráði. Fulltrúar sósíalista munu tala af miklum krafti fyrir lýðræðismálum í þessu nýja stafræna ráði og passa að það séu ekki einungis lagðar áherslur á lýðræðismál í gegnum stafrænar leiðir, svo sem í netheimum. Skoða þarf ólíka stöðu borgarbúa hvað varðar þjónustu, gagnsæis og lýðræðismál.

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Lýðræðismál eru eitt af verkefnum stafræns ráðs, en þar er verkefnið ekki takmarkað við „stafrænt lýðræði“ eða lýðræði á netinu. Það kom skýrt fram í umræðum á fundinum og í þeim gögnum sem fylgdu með tillögunni.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins mótmæla þeirri ákvörðun forseta borgarstjórnar að sameina umræður vegna þriggja dagskrárliða yfirstandandi borgarstjórnarfundar undir einum og sama liðnum. Með þessu var vikið frá útsendri dagskrá, sem leiddi m.a. til þess að ræðutími varð takmarkaðri en ella. Forseti hefur ekki heimild til að ákveða slíka breytingu á dagskrá upp á sitt eindæmi þar eð slíka breytingu á að leggja undir fundinn sem formlega tillögu um breytingu á dagskrá fundarins og bera upp sem afbrigði. Undir umræddum dagskrárliðum stóð til að ræða tillögur um veigamiklar breytingar á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Augljóst er að tilgangur umræddrar dagskrárbreytingar er að lágmarka óþægilegar umræður í borgarstjórn um vinnubrögð nýstofnaðs meirihluta vegna téðra stjórnkerfisbreytinga.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins furðar sig á að eftir að búið er að tilkynna um skiptingu fulltrúa í ráð og að fyrir liggur að fulltrúi Flokks fólksins muni sitja í mannréttinda- og nýsköpunarráði næsta kjörtímabil er minnihlutinn upplýstur um að málaflokkur stafrænna umbreytinga sé fluttur úr ráðinu í sérstak stafrænt ráð. Finnst meirihlutanum þetta vera heiðarleg vinnubrögð og framkoma gagnvart minnihlutanum? Flokkur fólksins hefur veitt aðhald og haldið uppi gagnrýni á hvernig hluta 13 milljarða hefur nánast verið eytt af lausung og leikaraskap ef tekið

er mið af nútímakröfum um skilvirkni. Tugir milljóna hafa streymt í einhverja erlenda ráðgjöf, fjölda tilraunaverkefna, þróunar- og uppgötvunarvinnu á lausnum sem varla teljast brýnar meðan brýnar lausnir eru látnar bíða. Látið er sem borgin reki hugbúnaðarfyrirtæki. Er hægt að álykta sem svo að með stofnun stafræns ráðs sem Flokkur fólksins á ekki aðkomu að sé verið að draga úr möguleika minnihlutafulltrúa að halda uppi málefnalegri gagnrýnni, aðhaldi og eftirliti með hvernig skattfé borgarbúa er varið í þessum málum. Í greinargerð segir að lyfta eigi upp stafrænum verkefnum. Flokkur fólksins telur að verið sé að búa til farveg þar sem gagnrýni kemst ekki að. Flokkur fólksins óttast að stefni í enn meira stjórnleysi þegar fulltrúa Flokks fólksins nýtur ekki lengur við til að veita aðhald.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn samþykkir að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023, þannig að tekjur borgarsjóðs af álögðum fasteignagjöldum verði ekki umfram áætlanir. Með lækkuninni verði brugðist við gríðarlegri hækkun fasteignamats sem kynnt var á dögnum. Fjármála- og áhættustýringasviði verði falið að reikna ný álagningarhlutföll fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði svo álögð gjöld samsvari áður gerðum áætlunum borgarinnar fyrir árið 2023.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt að vísa tillögunni til vinnslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkur fyrir árið 2023.
MSS22060159

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýverið var kynnt nýtt fasteignamat fyrir árið 2023, sem hækkar heildarmat fasteigna í Reykjavík um rúm tuttugu prósent milli ára. Þetta er umtalsvert meiri hækkun en áætlanir borganir gerðu ráð fyrir, en þær gerðu ráð fyrir 6,6% hækkun. Hækkanir á fasteignamati leiða óhjákvæmilega til skattahækkana á heimili og fyrirtæki. Að óbreyttu verður meðalheimili í Reykjavík fyrir 20 þúsund króna skattahækkun árlega og atvinnulíf fyrir þriggja milljarða skattahækkun árlega. Eina skynsamlega viðbragð sveitarfélags við hækkuninni er samsvarandi lækkun skattprósentu – enda kostar það borgina ekki meira að þjónusta fasteignaeigendur þó fasteignamat hafi hækkað. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að tillögu flokksins um lækkun fasteignaskatta verði vísað til fjárhagsáætlunar. Munu fulltrúarnir fylgja málinu eftir og leggja ríka áherslu á lækkun álagningarhlutfalls við næstu áramót.

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillögunni er vísað inn í gerð fjárhagsáætlunar. Í meirihlutasáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar kemur fram að Reykjavík verði áfram hagstæðasta borg fyrir fjölskyldufólk til að búa í með hliðsjón af gjaldskrá og fasteignagjöldum. Við ætlum að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði í lok kjörtímabils.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar sósíalista geta ekki stutt flata skattalækkun en telja að skoða þurfi skattlagningu á íbúðarhúsnæði og hvernig hún fer fram. Skattar greiðast jafnt af skuldum og eignum og borgarfulltrúar sósíalista telja eðlilegt að skoða breytingar á skattlagningunni þannig að þau sem eiga 100% í sinni íbúð greiði örlítið meira, þ.e.a.s. hærri fasteignaskatta, svo að þau sem eru nýbúin að kaupa sína eigin íbúð þurfi ekki að greiða fasteignaskatta. Fulltrúi sósíalista lagði fram fyrirspurn um skattleysismörk fasteignagjalda í borgarráði í febrúar 2022. Fyrirspurnin sneri að því að fá fram hversu mikið skattprósenta fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði þyrfti að hækka, ef sett yrðu inn skattleysismörk upp á 10 m.kr., 15 m.kr. og 20 m.kr. á hreina eign hvers einstaklings. Fyrirspurnin varðaði hve mikið skattprósentan þyrfti að hækka miðað við þessi ólíku mörk, til að tryggja að tekjur borgarinnar yrðu ekki skertar. Í svari kom fram að innheimta þessara gjalda færi eftir lögum og að fjármála- og áhættustýringarsvið hefði ekki upplýsingar né aðgang að hreinni eign aðila í húsnæði. Sósíalistar telja mikilvægt að skoða þetta nánar.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikil hækkun fasteignaskatta kemur verst við fólkið sem hefur minnst milli handanna. Launatekjur hafa ekki hækkað samhliða nema hjá fólki á ofurlaunum. Sjálfsagt er að skattleggja rækilega þá efnamestu, stóreignafólk en ekki „venjulegt“ fólk sem margt hvert er að sligast undan afborgunum af lánum. Gagnvart þeim hópi er engin sanngirni í hækkun á fasteignasköttum, því þeim fylgja ekki auknar tekjur. Kostnaður vegna húsnæðis er að aukast og varla á það bætandi. Margir munu ekki ráða við það og hærri fasteignaskattar munu ýta einhverjum fram af brúninni. Það er engra hagur að fólk missi húsnæði sitt. Ekki einu sinni húsnæði á leigu, en að vera fastur á leigumarkaði er eins og margir vita hreinasta víti. Leiga mun hækka enn frekar verði fasteignaskattar hækkaðir. Heimilin eru ekki ótæmandi auðlind til að bjarga opinberum fjármálum og það er gríðarlega illa farið með fé hjá Reykjavíkurborg, sbr. soun í stafræna vegferð, stór hluti gæluverkefni. Leita ætti fyrst leiða til aukins svigrúms með því að fara betur með núverandi tekjur borgarinnar áður en farið er að auka skattheimtu. Flokkur fólksins myndi vilja sjá að á árinu 2023 verði álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði 0,15% af fasteignamati húss og lóðar en lóðarleiga íbúðarhúsnæðis 0,165% af lóðarmati.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Flöt lækkun fasteignaskatta er ekki jöfnunaraðgerð sem gagnast fólki með þyngstu og mestu útgjöldin og það er varhugavert að hlaupa til og samþykkja lækkun á öðrum stærsta tekjustofni sveitarfélagsins án þess að skoða hvort aðrar og betri leiðir eru færar. Í vaxandi verðbólgu væri nær að byrja á því að jafna aðstöðumun allra barna að grunnþjónustu Reykjavíkurborgar og skoða gaumgæfilega þau félagslegu og fjárhagslegu áhrif sem það hefur á reykvískt samfélag og þau afleiddu áhrif sem slík jöfnunaraðgerð færir okkur. Það eru því mikil vonbrigði að sá meirihluti sem nú hefur verið myndaður og telur sig bera hagsmuni fjölskyldna barna að leiðarljósi samþykki að skoða tillögu Sjálfstæðisflokksins sem kann að auka enn frekar á misskiptingu í samfélaginu en hafnar tillögu Vinstri grænna um að skoða þau jákvæðu áhrif sem það felur í sér að afnema gjaldtöku í grunnþjónustu fyrir börn.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Borgarstjórn samþykkir að beina því til stjórnar Strætó bs. að gera breytingar á samsetningu stjórnar félagsins þannig að sex fulltrúar vagnstjóra verði skipaðir í stjórn byggðasamlagsins. Fulltrúar vagnstjóra verði skipaðir á eftirfarandi máta: Helmingur fulltrúa skuli vera fulltrúar fastráðinna vagnstjóra hjá Strætó bs. á móti einum frá hverju fyrirtæki sem sinnir útvistuðum akstri fyrir Strætó bs. Séu fyrirtæki í útvistunarverkefnum færri en þrjú, skuli fulltrúum fastráðinna vagnstjóra Strætó bs. fjölga til að fullskipa 6 manna hóp vagnstjóra í stjórn. Séu þau fleiri en þrjú skuli velja vagnstjóra frá þeim fyrirtækjum sem sinna stærstu verkefnum til að fulltrúar fastráðinna vagnstjóra verði aldrei færri en þrír. Þar með væri tryggt að að lágmarki helmingur vagnstjóra í stjórn sé með reynslu af beinni ráðningu hjá Strætó, þekkingu á leiðakerfi og breytingum hjá Strætó bs. og hinn hlutinn með reynslu hjá útvistuðum strætó. Varamenn skulu sömuleiðis skipaðir fyrir hvern fulltrúa. Þessir fulltrúar yrðu viðbót við þá fulltrúa sem þegar skipa stjórn félagsins. Jafnframt er lagt til að stuðst verði við slembival til þess að velja fulltrúa vagnstjóra í stjórn Strætó bs. Borgarstjórn samþykkir að bjóða fram þá kunnáttu starfsfólks sem þegar er til staðar á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna slembivals og þá þekkingu sem er til hjá vefteymi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, við útfærslu þessarar tillögu. Ekki verður gerð krafa til vagnstjóra að taka þátt í slembivalinu. Sendur yrði tölvupóstur í það minnsta mánuði fyrir slembival til allra vagnstjóra þar sem þeir yrðu látnir vita af því og þeir gætu valið að gefa ekki kost á sér. Ef vagnstjórinn sem dreginn verður samþykkir ekki stjórnarsetu innan 10 daga er dregið á ný. Sá sem samþykkir stjórnarsetu skal kjörinn til fjögurra ára eins og aðrir stjórnarmenn. Vagnstjóri í stjórn skal fá greidda sömu þóknun fyrir stjórnarsetu og aðrir stjórnarmeðlimir. Að lokum er lagt er til að kostnaði við framkvæmd tillögunnar verði skipt á milli sveitarfélaga í sama hlutfalli og íbúafjöldi segir til um.

Greinargerð fylgir tillögunni.

- Kl. 19:40 vikur Sandra Hlíf Ocares af fundinum.

Samþykkt með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn 3 atkvæðum borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna að vísa tillögunni til meðferðar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS22060160

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er sósíalístum mikil vonbrigði að tillögur um vagnstjóra og farþega í stjórn Strætó hafi ekki fengið jákvæðari viðbrögð og unnið með þær nánar til að vinna henni gott brautargengi. Í stað þess var sett fram málsmeðferðartillaga um að vísa tillögunni til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þar sem sósíalistar eiga ekki fulltrúa. Fyrst að meirihlutinn talar fyrir því að betur færi á því að einn áheyrnarfulltrúi frá hvorum hópi fengi áheyrn í stjórn, þá furðum við okkur á því að breytingartillaga um slíkt hafi ekki verið send inn frá meirihlutanum, eða að nánar hafi verið unnið með tillöguna á vettvangi borgarstjórnar. Fulltrúar sósíalista munu þó fylgja málinu fast eftir og þrýsta á að það verði fljótt unnið úr tillögunni með jákvæðum niðurstöðum þannig að rödd farþega og vagnstjóra komi að stjórn Strætó.

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Ýmis dæmi eru um að starfsfólk eigi áheyrnarfulltrúa í stjórn. Það getur aukið gegnsæi ákvarðanatöku og aukið traust á stjórnnum. Reykjavíkurborg er ekki ein við stýrið í stjórn Strætó og þarfnast þessi tillaga skoðunar innan Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Ef vilji er til þess að fulltrúar starfsfólks og notenda sitji sem áheyrnarfulltrúar í stjórn, þá þarf að breyta samþykktum um byggðasamlög. Það ætti þó ekki að koma til álita að hvor hópur hefði fleiri en einn áheyrnarfulltrúa en tillagan gerir ráð fyrir sex fulltrúum frá hvorum hópi í stjórn sem myndi þýða þreföldun stjórnarmanna, úr 6 í 18.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands:

Borgarstjórn samþykkir að beina því til stjórnar Strætó bs. að gera breytingar á samsetningu stjórnar félagsins þannig að einn fulltrúi strætófarþega úr hverju aðildarsveitarfélagi verði skipaður í stjórn byggðasamlagsins og einn til vara. Þessir fulltrúar yrðu viðbót við þá fulltrúa sem þegar skipa stjórn félagsins. Jafnframt er lagt til að stuðst verði við slembival við val á fulltrúum farþega í stjórn Strætó bs. Kostnaðarskipting verkefnisins í heild sinni verði í takt við íbúafjölda sveitarfélaganna miðað við 1. janúar ár hvert. Lagt er til að slembivalið fari þannig fram að áhugasamir farþegar gefi sig fram á næstu þjónustumiðstöð, eða á sérstakri vefsíðu þar sem áhugasamir verði hvattir til að gefa sig fram. Að skráningu lokinni yrði einn þeirra skráðu slembivalinn og boðin seta í stjórn. Ef viðkomandi samþykkir ekki innan tíu daga sé dregið að nýju. Slembivalinn farþegi telst kjörinn í jafnlangan tíma og aðrir stjórnarmeðlimir. Að þeim árum loknum er nýr farþegi slembivalinn. Farþegi í stjórn skal fá greidda sömu þóknun fyrir stjórnarsetu og aðrir stjórnarmeðlimir. Verkefnið verði unnið á vettvangi Strætó bs. Borgarstjórn samþykkir að bjóða fram þá kunnáttu starfsfólks sem þegar er til staðar á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna slembivals og þá þekkingu sem er til hjá vefteymi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, við útfærslu þessarar tillögu. Lagt er til að kostnaðarskipting vegna verkefnisins skiptist hlutfallslega í takt við íbúafjölda þegar tillagan er samþykkt.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn 3 atkvæðum borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands og Vinstri grænna að vísa tillögunni til meðferðar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS22060161

Borgarfulltrúar Sósíalistasflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er sósíalístum mikil vonbrigði að tillögur um vagnstjóra og farþega í stjórn Strætó hafi ekki fengið jákvæðari viðbrögð og unnið yrði með hana nánar til að vinna henni gott brautargengi. Í stað þess var sett fram málsmeðferðartillaga um að vísa tillögunni til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þar sem sósíalistar eiga ekki fulltrúa. Fyrst að meirihlutinn talar fyrir því að betur færi á því að einn áheyrnarfulltrúi frá hvorum hópi fengi áheyrn í stjórn, þá furðum við okkur á því að breytingartillaga um slíkt hafi ekki verið send inn frá meirihlutunum, eða

að nánar hafi verið unnið með tillöguna á vettvangi borgarstjórnar. Fulltrúar sósíalista munu þó fylgja málinu fast eftir og þrýsta á að það verði fljótt unnið úr tillögunni með jákvæðum niðurstöðum þannig að rödd farþega og vagnstjóra komi að stjórn Strætó.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins telur rétt að kanna þessa leið og að góður bragur sé á að beina tillögunni til stjórnar Strætó bs. til umfjöllunar. Sannarlega ættu þeir sem eru næstir störfunum, þeir sem sinna störfunum og notendur þjónustunnar að hafa áhrif á fyrirtækið, uppbygginguna og framþróun þess þ.m.t. hvernig störfín eru unnin. Dreifa þarf valdi, leyfum röddum allra að heyrast. Það væri enginn „strætó“ ef ekki væru bílstjórar og farþegar.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að veita foreldrum á lágtekjuheimilum í Reykjavík sértæka aðstoð til að standa straum af gjöldum í tengslum við börn sín eftir atvikum og þörfum þeirra. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að reglur Reykjavíkur um fjárhagsaðstoð verði endurskoðaðar með tilliti til þess að börn tekjulágra foreldra fái styrk til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskólavistun og frístundaheimili, sumardvöl og þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Tryggt verði að foreldrar sem þiggi fjárhagsaðstoð fái ávallt styrk vegna þessa. Jafnframt verði veittur slíkur styrkur til lágtekjuhópa sem ekki þiggi fjárhagsaðstoð. Lagt er til að starfshópi skipuðum sérfræðingum frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði verði falið að kanna hvernig skuli útfæra slíkt styrktarúrræði þannig að það nái til fátækustu barnafjölskyldnanna og sem flestra barnafjölskyldna sem eiga erfitt með að standa straum af kostnaði í tengslum við börn sín. Það er afar mikilvægt að tryggja að öll börn sitji við sama borð og að þau hafi jöfn tækifæri án tillits til efnahags foreldra þeirra. Það er samfélagsleg skylda okkar að aðstoða foreldra sem eiga erfitt með að greiða gjöld vegna þjónustu við börn sín.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs. MSS22060162

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lagði til að skipaður verði starfshópur sem verði falið að kanna hvernig skuli útfæra slíkt styrktarúrræði fyrir fátækustu barnafjölskyldurnar sem eiga erfitt með að standa straum af kostnaði í tengslum við börn sín. Tillögunni er vísað til velferðarráðs til frekari skoðunar. Talið er að það séu um 2500 börn undir 18 ára sem búa við eða eru í hættu á að falla í fátækt. Aðeins er verið að hjálpa litlum hluta þessara barna eða um 513. Samkvæmt tölum frá mars sl. fá sum þessara barna gjaldfrjálsa máltíð eða 276 börn en aðeins 166 fá ókeypis leikskóladvöl og 118 ókeypis í frístundir. Um er að ræða börn fátækustu foreldra borgarinnar, börn einstæðra foreldra, börn foreldra sem eru atvinnulausir, börn foreldra sem eru öryrkjar eða glíma við veikindi. Þessum foreldrum þarf að hjálpa þannig að þeir þurfi ekki að hafa áhyggjur af gjöldum sem tengjast umönnun og menntun barna sinna enda iðulega ekki mikið eftir af tekjum þegar búið er að greiða

húsnæðiskostnað. Hér er ekki endilega verið að tala um þá sem eru á fjárhagsaðstoð heldur að borgin beiti sér almennt betur og meira í þágu hinna verst settu til að auka megi jöfnuð.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar sósíalista styðja þessa tillögu en telja að öll þjónusta borgarinnar gagnvart börnum eigi að vera gjaldfrjáls. Börn hafa engar tekjur og eiga ekki að greiða gjöld.

8. Fram fer kosning sjö fulltrúa í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs til fjögurra ára og sjö til vara; formannskjör. MSS22060044

Kosin eru af SBPC-lista án atkvæðagreiðslu:

Magnús Davíð Norðdahl
Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Sabine Leskopf
og Þorvaldur Daníelsson

Kosin eru af DF-lista án atkvæðagreiðslu:

Friðjón R. Friðjónsson
og Helga Þórðardóttir

Kosinn er af JV-lista án atkvæðagreiðslu

Trausti Breiðfjörð Magnússon

Formaður er kjörinn á sama hátt:

Magnús Davíð Norðdahl

Kjör varamanna fer fram á sama hátt.

Kosnar voru af SBPC-lista:

Rannveig Ernudóttir
Unnur Þöll Benediktsdóttir
Ellen Calmon
og Ásta Björg Björgvinsdóttir

Kosnar voru af DF-lista:

Sandra Hlíf Ocares
og Kolbrún Baldursdóttir

Kosin var af JV-lista:

Sanna Magdalena Mörtudóttir

9. Fram fer kosning sjö fulltrúa í stafrænt ráð til fjögurra ára og sjö til vara; formannskjör. MSS22060158

Kosin eru af SBPC-lista án atkvæðagreiðslu:

Alexandra Briem
Kristinn Jón Ólafsson
Skúli Helgason

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Kosin eru af DF-lista án atkvæðagreiðslu:
Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir
Friðjón R. Friðjónsson

Kosin er af JV-lista án atkvæðagreiðslu:
Andrea Helgadóttir

Formaður er kjörinn á sama hátt:
Alexandra Briem

Kjör varamanna fer fram á sama hátt.

Kosnar voru af SBPC-lista:
Elísabet Guðrúnar og Jónsdóttir
Rannveig Ernudóttir
Sara Björg Sigurðardóttir
Ásta Björg Björgvinsdóttir

Kosnar voru af DF-lista:
Jórunn Pála Jónasdóttir
og Sandra Hlíf Ocares

Kosin var af JV-lista:
Sanna Magdalena Mörtudóttir

10. Kosningu í menningar-, íþrótt- og tómstundaráð er frestað. MSS22060045
11. Lagðar fram fundargerðir borgarráðs frá 5. maí og 10. júní. MSS22010003
15. liður; Starmýri – deiliskipulag – breyting, er samþykktur með 14 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins. USK22010061
27. lið; Einarsnes – úthlutun lóðar og sala byggingarréttar, er frestað. MSS22050005

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 15. lið fundargerðarinnar frá 5. maí og 27. lið fundargerðar borgarráðs frá 10. júní:

Liður 27: Byggja á lagningu þriðja áfanga Arnarnesvegar á tæplega 20 ára gömlu umhverfismati. Það virðist flestum ljóst að útfærslan er ekki að fara að leysa nein vandamál, heldur einungis að skapa ný. Önnur ljósastýrð gatnamót við Breiðholtsbraut, sem er þegar sprungin umferðaræð, munu stífla veginn enn frekar og valda frekari töfum á umferð. Þetta veit Vegagerðin en samþykkir engu að síður útfærsluna í deiliskipulagi, í stað þess að finna betri leið. Getur það verið að aðrir hagsmunir bæjarstjórnar Kópavogs, eins og að byggja 4.000 manna byggð á toppi Vatnsendahvarfs, séu í raun að stýra þessum illa ígrunduðu framkvæmdum og koma í veg fyrir að betri lausn verði fundin og nýtt umhverfismat gert? Án Arnarnesvegar væru forsendur fyrir þessari byggð brostnar og það virðist alls ekkert mega tefja þær áætlanir. Liður 15, Starmýri 2: Samþykkja á mál sem hefur

valdið uppnámi meðal íbúa hverfisins m.a. vegna aukins skuggavarps, umferðar vegna stækkunar verslunarhúsnæðis og öryggi gangandi vegfarenda. Farið er offari í þéttingu byggðar í þessu gróna hverfi. Bæta á fjórðu hæðinni ofan á helming þakflatar þriggja hæða fjölbýlishúss sem nú er í byggingu. Þessu hefur verið mótmælt af flestum íbúum í götunni fyrir tveimur árum. Skorað er á skipulagsyfirvöld að vinna þetta mál með íbúum.

12. Lagðar fram fundargerðir forsætisnefndar frá 16. júní, skóla- og frístundaráðs frá 14. júní og velferðarráðs frá 10. júní. MSS22010217

8. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 16. júní; tillaga um sumarleyfi borgarstjórnar 2022, er samþykktur. MSS22060122

12. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 16. júní; ákvörðun nefndarinnar varðandi endurskoðun siðareglna fyrir kjörna fulltrúa, er staðfestur. MSS22060077

Borgarráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 7. lið fundargerðar skóla- og frístundaráðs:

Spurt var um biðlista í skólahljómsveitir og var fyrirspurnin lögð fram fyrir einu og hálfu ári síðan. Í svari kemur fram að fjöldi barna á biðlista eftir að fá að taka þátt í skólahljómsveit er 341 barn nú árið 2022. Hljómsveitir eru 4. Flokkur fólksins aflaði sér upplýsinga um hvað kostar að reka eina skólahljómsveit og er það um 70 milljónir á ári. Vel kann að vera að meirihlutinn sjái ofsjónum yfir þeirri upphæð en minnst skal á sáran ójöfnuð sem ríkir þegar horft er til tækifæra til tónlistarnáms. Efnalítillir og fátækir foreldrar geta ekki boðið börnum sínum að leggja stund á rándýrt píanónám hvað þá að fjárfesta í slíku hljóðfæri. Fram kemur að engu barni er neitað um þátttöku, „það er bara sett á bið“, um ókominn tíma. Þegar loks kemur röðin að því er áhugi þess kannski ekki lengur fyrir hendi og mikilvægt tækifæri tapað. Hér er dæmi um kolranga forgangsröðun. Minnt er á biðlista í nánast allt í Reykjavík sem lýtur að börnum. Á meðan er ekkert lát á fjárútlátum í alls kyns aðra hluti, dauða hluti, óþarfa hluti eða hluti sem mættu í það minnsta bíða þar til búið er að sinna reykvískum börnum með mannsæmandi hætti.

Fundi slitið kl. 20:46

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Trausti Breiðfjörð Magnússon